Félag bókhaldsstofa

# Inntökubeiðni – Almenn deild bókara (launþegadeild) FBO

Nafn:___________________________________________ Kennitala:__________________

Heimili:__________________________________________ Heimasími:_________________

Bæjarfélag:_______________________________________ Vinnusími:_________________

Netfang:_________________________________________ GSM sími:_________________

Nafn fyrirtækis ef annar greiðandi :___________________ Kt greiðanda________________

Mynd af umsækjanda í viðhengi.

Menntun:

Starfsreynsla:

Umsagnaraðilar:

Félag bókhaldsstofa

## Árgjald Almenn deild bókara (Launþegadeild)

Árgjald félagsins er kr. 22.500 og greiðist við inngöngu í félagið inn á bankareikning 0309-26-000416 kt. 560190-2129. Með umsókn minni samþykki ég samþykktir, siðareglur og endurmenntunarreglur Félags bókhaldsstofa þar sem fram kemur meðal annars:

## Úr samþykktum FBO

**3. grein**
Félagsmenn eru þeir, sem starfa við bókhald, bókhaldsráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, reikningsskil og skattskil, og forráðamenn þeirra félaga sem hafa með höndum slíka starfsemi, sem óska eftir aðild og fullnægja skilyrðum samþykkta þessara.

**4. grein**
Tilgangur félagsins er:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna m.a. með útgáfu leiðbeinandi reglna um bókhald, reikningsskil og skattskil.
- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavini sína, opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa félagsmanna.
- Að stuðla að heiðarlegum og hreinskiptum samskiptum félagsmanna FBO.
  a) Að stuðla að því að félagsmenn fbo vinni störf sín af fagmennsku, kostgæfni og samviskusemi.
  b) Að stuðla að góðu orðspori félagsmanna FBO.

Það er skylda hvers félagsmanns FBO að leitast við að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfa félagsmanna FVB á hverjum tíma.

a) Félagsmaður FBO skal í hvívetna halda lög og reglur sem að starfi hans og framkvæmd þess lúta.
b) Félagsmaður FBO skal vinna verk sín í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju.
c) Félagsmaður FBO skal vera hreinskilinn og heiðarlegur í starfi sínu og gæta réttsýni og hlutlægni í umsögnum sínum.
d) Félagsmaður FBO skal gæta þagmælsku um það er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara og láta það ekki þriðja aðila í té án sérstaks leyfis nema honum sé það skylt lögum samkvæmt.
e) Félagsmaður FBO skal vinna starf sitt í samræmi við þær reglur og staðla sem stjórnvöld og/eða félagið setja starfinu hverju sinni.
f) élagsmanni FBO ber að viðhalda faglegri hæfni sinni og taka aðeins að sér þau störf sem hann getur búist við að geta leyst á faglegan hátt.
g) Félagsmaður FBO skal gæta heiðurs félagsins og forðast að gera nokkuð það sem getur skaðað álit annara á því.

Árlega svari félagsmaður ”áreiðanleika” könnun um að hann uppfylli skilyrði félagsins varðandi reglum félagsins, annar getur viðkomandi fallið út af félagsskrá.

Staður og dags.___________________________

Undirritun:_________________________________________

Vinsamlegast sendið inntökubeiðni og fylgigögn á netfangið fbo@fbo.is – sem og fyllið út skjalið á google form - https://forms.gle/p9xYXyYv7hdFaCdXA

**Félag bókhaldsstofa**

## Almenn deild bókara (Launþegadeild)

Félagsmenn eru þeir, sem starfa við bókhald, bókhaldsráðgjöf, fjárhagsráðgjöf, reikningsskil og skattskil

## Tilgangur félagsins er:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna m.a. með útgáfu leiðbeinandi reglna um bókhald, reikningsskil og skattskil.
- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við atvinnurekendur sína, opinbera aðila og aðra er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna og stuðla að þróun stéttarinnar.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna og tengslanet.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með störfum og endurmenntun félagsmanna.

Árgjald:  kr. 22,500 – greiðist einu sinni á ári – greiðendur geta verið félagsmenn sjálfir eða fyrirtækin sem þau vinna hjá.

Bókhaldsstofur sem nú þegar eru í atvinnurekendadeild, geta hvatt starfsmenn sína að ganga í félagið og ef félagið greiðir félagsgjaldið greiða þeir 11.500 kr. eða hálft gjald.

- **Endurmenntun**
  - Félagið leitast við að tryggja fjölbreytt framboð endurmenntunar sem uppfyllir mismunandi þarfir félagsmanna.
  - Halda úti heimasíðu og umræðu vettvangi félagsmanna á veraldarvef.
  - Félagið mun standa fyrir könnun á væntingum félagsmanna á efni á ráðstefnum, fyrirlestrum, og efni á morgunverðarfundum – þrisvar sinnum að á ári að lágmarki.
- **Starfsemi**
  - Markmiðum sínum hyggst félagið ná með reglulegum félags- og fræðslufundum, ráðstefnum og öðrum viðburðum sem félagið stendur að eða í samstarfi við aðra
  - Morgunverðarfundum 9 x á ári, 1 hver er fyrir launþegadeildina og 3 hver miðvikudagur fyrir atvinnurekendadeildina.
  - Vorráðstefna og haustraðstefna
  - Ýmis námskeið í samvinnu við aðra.
- **Hlutverk og innra skipulag**
  - Félagið stuðlar að þróun stéttarinnar, er vettvangur skoðanaskipta og stuðlar að góðu félagslífi meðal félagsmanna með fjölbreyttum viðburðum og öðrum vettvangi til félagsstarfa.  Skipuleggja skal innra starf félagsins með þeim hætti að hagkvæmni og stöðugar umbætur séu hafðar að leiðarljósi
- **Miðlun gagna :**
  - Á innri vef félagsins má finna skjöl, eins og gátlista og upplýsingar um alls kyns vinnuferla, sem endurnýjað er árlega.
  - Afslættir hjá viðskiptaaðilum.
  - Aðgengi að klasasamstarfi við fagaðila.

  **Kjarakönnun**
  - t.d.  í samstarfi við VR

Félagsmenn þurfa árlega að fylla út könnun þess efnis að þeir fari eftir reglum og skyldum félagsins sem og uppfylli endurmenntunarskilmálafélagsins.

Félag bókhaldsstofa

## Af hverju almenn deild bókara (launþegadeild)

- Tímamót urðu í apríl 2021 en þá var samþykkt lagabreyting á lögum um bókhald þess efnis að ráðuneytið hætti að hlutast til um próf til viðurkenningar bókara frá árinu 2023.
- Miklar tæknibreytingar eru á starfsgrundvelli félagsmanna,  bæði þeirra sem eru launþegar og þeirra sem vinna sjálfstætt starfandi bókarar.
- Þetta má lesa frekar um í vegvísi skattsins sem gefin var út 2021 í kjölfar vinnunnar með Nordic SMART Goverment.
- Einnig eru miklar breytingar framundan með breytingum á lögum „lögum um bókhald“ og einnig er ljóst að breytingar verða á hlutverki „skoðunarmanna“.
- Við viljum sem fagfélag greina okkur frá samkeppnisaðilum v. krafa um endurmenntun, sérþekkingu okkar og metnað
- Félagar okkar geta deilt þekkingu sinni og verkfærum með þeim sem ekki hafa þekkingu
- Félagar okkar þurfa undirbúning og kynningar á þeim breytingum sem daglega eru í tækniframförum.
- Fyrirtæki geti séð sér hag í því að láta bókara sína ganga í félagið m.t.t. námskeiða, viðhaldi á þekkingu, og þeirri viðurkenningu sem þátttaka þeirra gæti haft í för með sér